

Fundargerð 97. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: mánudagurinn 13. maí 2024 klukkan 16:20 á Teams og í FSN. Fundurinn er blanda af stað- og fjarfundum.

Björg Ágústsdóttir (formaður) í FSN, Kristinn Jónasson í síma/á Teams, Helga Guðmundsdóttir í síma/á Teams, Gerður Björk Sveinsdóttir á Teams, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari í FSN, Hermann Hermannson mannauðsstjóri á Teams, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara á Teams, Berglind Hólm Guðmundsdóttir á Teams, áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir í FSN, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Björg Ágústsdóttir formaður setti fund og bauð alla velkomna á fund.

Dagskrá:

1. Nemendafélagið.

Berglind Hólm Guðmundsdóttir forseti NFSN sagði frá þeim viðburðum sem nemendafélagið hefur staðið fyrir þetta skólaárið. Dagskráin var mjög fjölbreytt og ber þá helst að nefna árshátíð, lazertag, vökunótt með hoppukastólum, jólaviku ásamt Westside, sem er sameiginlegt ball framhaldsskólanna á Vesturlandi. Alla önnina hafa verið einhverjir viðburðir eins og hattadagur, kynjaskiptidagar og príðbúnir dagar. Nemendafélagið hélt þrjá fjáröflunarviðburði; jólabingó, ball fyrir 5.-10. bekk í grunnskólum á svæðinu og seldu inn í hoppukastala.


Tvö böll, nýnemaball og Westside ball voru haldin fyrir nemendur FSN á haustönn en ekki náðist að halda ball á vorönn. Það var reynt að halda bæði árshátíðarball og lokaball en lágmarksskráning náðist ekki. Ný stjórn NFSN hefur verið kosin fyrir skólaárið 2024 – 2025 og er hún skipuð fimm kvenkyns nemendum. Fráfarandi stjórn skilar rekstrarafgangi upp á u.þ.b. 800 þús. kr. Skólameistari hrósaði Berglindi forseta og stjórninni fyrir mjög metnaðarfullt og flott starf á skólaárinu sem er að líða og þakkaði þeim fyrir gott samstarf.

2. Næsti fundur skólanefndar dagsettur.

Næsti fundur skólanefndar verður 10. júní klukkan 16:15 í FSN og boðið verður upp á veitingar. Skólanefndarfundur í september verður dagsettur þá.

3. Skólanámskrá.

Skólanámskrá er í endurskoðun. Það er verið að skoða það að einfalda stúdentsbrautir og jafnvel fækka þeim þannig að stúdentsbrautir skiptist í línur, til dæmis geti nemendur skráð sig á félagsfræðabraut, íþróttalínu. Skólameistari mun kynna skólanámskrá fyrir skólanefnd þegar skólanámskrá er tilbúin.



4. Starfsmannamál.

Starfsmannamál við FSN eru í góðum málum. Skólameistari hefur nýlega lokið starfsmannasamtölum við alla starfsmenn. Það er einn starfsmaður að láta af störfum vegna aldurs, Erna Guðmundsdóttir íslenskukennari. Það verður mikill missir af Ernu. Það eru starfandi tveir aðrir íslenskukennarar sem munu leysa þessa stöðu. Skólameistari er að passa að þeir kennarar sem nú þegar eru ráðnir haldi sínum stöðum. Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistara mun koma til starfa úr námsleyfi. Starfsbraut FSN er einnig að minnka en þrír nemendur brautarinnar eru að útskrifast í maí. Það hefur verið mikill stöðugleiki í starfsmannamálum í mörg ár og það er mikill mannauður í FSN.

5. Afmæli FSN.

Hermann Hermannsson mannauðsstjóri sagði frá undirbúningi vegna 20 ára afmælis FSN og drögum að dagskrá.

Afmælishátíðin sjálf verður 30. ágúst og verður opið hús og formleg hátíðardagskrá. Það verða einhverjir viðburðir alla vikuna þar sem nemendur skólans verða virkjaðir, myndasýningar, prentað á boli ofl. Afmælisnefndin er skipuð Hermanni, Hrafnhildi, Óla, Sírý, Berglindi og Rúnu. Það er einnig kominn fulltrúi útskrifaðra nemenda í nefndina. Dagskrá er í vinnslu en stórsveit FSN mun stíga á stökk og spila nokkur lög en sveitin er skipuð fyrrverandi nemendum FSN undir stjórn Baldurs. FSN mun fjárfesta í stórum skjá og setja upp myndasýningar.


Boðskort verða send á boðsgesti í næstu viku um það að taka daginn frá. Það er unnið að fróðleik um tilkomu Jeratúns og Sigurhæða og er það verkefni á herðum Rúnu og Óla.

Fulltrúi skólanefndar í afmælisnefnd verður Helga Guðmundsdóttir.

Skólanefnd bað meðlimi afmælisnefndar að hafa í huga að velunnarar vilja að öllum líkindum gefa skólanum einhverjar gjafir og er ekki verra að hugsa hvað vantar að þessu tilefni. Skólameistari mun skrifa grein og vekja athygli á afmælisfögnuðinum í sumar.

6. Önnur mál

- Umræður um heimtur nemenda af svæðinu, en það er of snemmt að segja til um það.
- Formaður skólanefndar upplýsti skólanefnd um að það var stjórnarfundur í Jeratúni ehf. og voru þau að fara yfir skólabygginguna og því sem snýr að viðhaldi, endurbótum og ástandi hússins með það markmið að bæta ásýnd skólans og lóðarinnar. Jeratún ehf. er eigandi hússins en Fjölbautaskóli Snæfellinga eða Mennta- og barnamálaráðuneyti er leigjandi hússins. Jeratún ehf er í eigu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og á skólabygginguna.



- Það var búið að senda á skólanefnd ársskýrslu og ársreikning fyrir fund. Skólameistari óskar eftir leyfi til þess að færa ársskýrslu og ársreikning á dagskrá maí funda og var það samþykkt samhljóða.
- Það er útskriftarhátíð 24. maí klukkan 14:00 og öllum í skólanefnd boðið. Útskriftarnemendur kynntu lokaverkefni sín í síðustu viku og gerðu það með miklum sóma.
- Skólameistari mun fara á fund með þjóðgarðsverði á morgun. Þar verður meðal annars rætt samstarf FSN og þjóðgarðsins.
- Fulltrúi FSN í söngkeppni framhaldsskólanna var Davíð Svanur Hafþórsson og erum við ákaflega stolt af hans framlagi.
- Vinnudagar FSN verða á Patreksfirði 27. og 28. maí 2024, þar verður meðal annars fundað með fulltrúum nýskipaðrar sveitarstjórnar í nýju sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Þar á meðal annars að ræða framtíð deildarinnar og leita leiða til þess að efla deildina en deildin er í töluverðri varnarbaráttu um þessar mundir.
- Hvernig er skólinn kynntur fyrir tilvonandi nemendum? Námsráðgjafi FSN fer í grunnskólanna ásamt nemendum að kynna námið og félagslífið. FSN býður upp á framhaldsskólahermi, þar sem 10. bekkingar fá að vera nemendur í FSN í einn dag. Þetta verkefni hefur heppnast mjög vel. Það eru haldnir foreldrafundir ásamt kynningum og kynningarefni á öðrum miðlum og með myndböndum.
- Það má auka kynningar og senda upplýsingar á grunnskólana, jafnvel í upphafi annar með upplýsingum um FSN og miðlana okkar.

Fundi slitið klukkan 17:20.

Næsti fundur mánudaginn 10. júní klukkan 16:15-17:15 í FSN.